

Ferðafélag Íslands  
Mörkinni 6  
104 Reykjavík

Reykjavík 6. júlí 2018  
UST201807-033/I.M.B.  
09.07.01

**Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Fimmvörðuháls**

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Ferðafélags Íslands, dagsett 4. júlí 2018, um leyfi fyrir uppsetningu á vegvísunum frá Skógafossi í Strákagil sumarið 2018.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 477/1987.

Mannvirkjagerð og jarðarask, svo og aðrar breytingar á svæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins.

**Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að setja upp vegvísa á leiðinni um Fimmvörðuháls, n.t.t. frá Skógafossi í Strákagil. Um er að ræða tréstauro sem verða settir niður og vegvísar úr ryðfríu stáli settir efst á staurana sem vísa ferðamönnum leiðina. Staurarnir sem vegvísarnir eru festir á eru 2.5m á hæð og 95x95mm að breidd. Verður einn vegvísir staðsettur um 200m ofan við göngubrú og vað á Skógá. Annar vegvísir verður í móum beint austur af Hornfelli og sá þriðji verður um 100m ofan við útsýnispall við Skógafoss. Fjórir starfsmenn munu vinna að uppsetningu vegvísanna. Gert er ráð fyrir að 8-12.000 ferðamenn sem fara Fimmvörðuháls ár hvert muni koma til með að nýta sér vegvísana þar sem meiri stýring verður á umferð um viðkvæmt svæði þar sem veður eru válynd. Myndir af vegvísunum og staðsetning þeirra fylgir umsókninni.

**Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur miðað við ofangreinda verklýsingu að framkvæmdin muni ekki hafa teljandi neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins, að því gefnu að framkvæmt verði í samræmi við meðfylgjandi skilyrði.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu vegvísa að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.

- Einungis skal gengið á merktum göngustígum. Þar sem þarf að fara út fyrir vegi eða göngustíga skal það tryggt að umgangur sé ekki líklegur til að valda gróðurskemmdum.
- Í staurana skal nota lerki, greni eða sambærilegan efnivið sem ekki er þörf á að meðhöndla. Gagnvarða furu skal ekki nota.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og gæti þess að raski verði haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang við skiltin.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Samkvæmt 88. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er landverði heimilt að stöðva verkefnið ef hann telur að af henni stafi yfirvofandi hættu á verulegu tjóni á náttúru Íslands.


**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsaðila frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Gunnlaug H. Einarsson  
Sviðsstjóri



Jon Smári Jónsson  
Sérfræðingur